

Nd.

89. Frumvarp

til laga um leyfi til þess að reka bankafyrirtæki á Íslandi.

Flutningsm.: Bjarni Jónsson frá Vogli.

1. gr.

Enginn má reka bankafyrirtæki hjer á landi, nema hann hafi áður fengið leyfisbrjef til þess hjá stjórnarráði Íslands.

2. gr.

Í leyfisbrjefi því, er ræðir um í 1. gr., skal stjórnarráðið áskilja sjer heimild til þess að skipa eftirlitsmenn með bankanum, sem skulu hafa óskor- aðan aðgang að bófum hans, hve nær sem vill, og láta stjórnarráðinu í tje allar upplýsingar um rekstur bankans og starfsemi.

3. gr.

Nú þykir landsstjórninni starfsemi bankans fela í sjer hættu fyrir al- menningshag og þjóðarheill, eða hún telur bankann vinna atvinnuvegum landsins tjón eða stefna þeim í stórhættu, og má þá taka leyfisbrjefið af bankanum.

Greinargerð.

Alls ófært má það heita, að hver sem er geti sett á stofn banka. Bankastarfsemi greinist svo víða um líf og starf þjóðarinnar, að ríkið hlýtur að hafa nákvæmt eftirlit með öllum slikum stofnunum. Enda sýna afskifti löggjafarvaldsins af sparisjóðum, að Alþingi hefir áður farið þessu fram.